
Dýpkun Sundahafnar utan Sundabakka og efnislosun

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 8. maí 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkís verkfræðistofu f.h. Faxaflóahafna, um fyrirhugaða dýpkun Sundahafnar og efnislosun, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar-Siglingasviðs.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Dýpkun Sundahafnar – utan Sundabakka. Fyrirspurn um matsskyldu, mat á umhverfisáhrifum. Faxaflóahafnir, Verkís, Maí 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar með tölvupósti dags. 16. júlí 2020
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 16. júní 2020
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 4. júní 2020
- Orkustofnun með bréfi dags. 6. júlí 2020
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. júní 2020
- Vegagerðin-Siglingasvið með tölvupósti dags. 12. júní 2020

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 19. júní og 9. og 17. júlí 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga

Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum árið 2000 þar sem fallist var á framkvæmdir við dýpkun Sundahafnar. Framkvæmdir við dýpkun á svæði sem fjallað er um í tilkynningunni er á svæði sem tilheyrir 4. og síðasta áfanga dýpkunaráætlunar sem lögð var fram í fram í því mati og var áætlaður 300.000 m³. Afmörkun dýpkunarsvæða hefur lítilla breyst vegna stærri skipa og einnig verður ekki mögulegt að koma dýpkunarefninu fyrir inni í landfyllingu á svæðinu eins og fjallað var um í matinu árið 2000. Frekari áform eru um dýpkun á Sundahafnarsvæðinu sem gert er ráð fyrir að fjallað verði um í mati á umhverfisáhrifum auk hafnargerðar á svæðinu þegar þar að kemur.

Í svari Skipulagsstofnunar við fyrirspurn Faxaflóahafna frá því í janúar 2020 kemur fram að í ljósi þess að 4. áfangi dýpkunar sem fjallað hafi verið um í mati á umhverfisáhrifum árið 2000 hafi ekki enn komið til framkvæmda þá feli áformin í sér breytingar varðandi meðferð dýpkunarefnis og afmörkun dýpkunarsvæða sem beri að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.



Framkvæmdalýsing


Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á hafnarsvæði á Viðeyjarsundi, utan Vatnagarða og nýs Sundabakka. Áður hefur verið dýpkað á stærstum hluta þessa svæðis og náttúrulegum botni verið raskað. Gert er ráð fyrir að tryggja 10,7 m dýpi á snúningssvæði og innsiglingu að ytri hluta Kleppsbakka, nýjum Sundabakka og inn í Kleppsvík.

Fram kemur að framkvæmdin felist að langmestu leyti í því að fjarlægja laust efni en búast megi við klöpp á afmörkuðu svæði í jaðri dýpkunarsvæðisins. Að öllum líkindum verður notuð grafa á pramma til dýpkunar en þó gæti verið að dæluskip yrði notað sem losar efni í einum klumpi eins og um pramma væri að ræða, en það veldur minni gruggmyndun en þegar efni er dælt úr skipi. Klöppin verður fleyguð eða sprengd.

Dýpkunarefnið verður losað í aflagða efnisnámu á hafsbotni suðaustur af Engey en þar hefur verið losað efni síðan árið 2005. Alls hafa þegar verið haugsettir rúmlega 1.000.000 m³ af dýpkunarefni í þessa námu sem hætt var að nýta til efnistöku fyrir meira en 20 árum.

Skipulagsstofnun benti á þegar Faxaflóahafnir skiluðu inn tilkynningu um matsskyldu um fyrirhugaða dýpkun og losun efnis að til málsmeðferðar hjá stofnuninni væri einnig framkvæmdir sem fælu í sér aukna efnistöku Björgunar ehf. úr námu við Engey. Skipulagsstofnun spurðist fyrir um möguleg áhrif efnislosunar á fyrirhugaða efnistöku. Mannvit, sem er ráðgjafi Björgunar, hefur sett inn afmörkun efnislosunarsvæðis Faxaflóahafna inn á mynd með fyrirhuguðum breyttum námusvæðum Björgunar og sést á henni að þessi svæði skarast ekki og ekki er gert ráð fyrir að efnislosun suðaustan við Engey muni hafa áhrif á fyrirhugaða efnistöku. Hins vegar hefur Orkustofnun í umsögn sinni bent á að fyrirhugað sé að varpa dýpkunarefni í hafið innan svæðis þar sem stofnunin hafi veitt Björgun leyfi til efnistöku í júní 2020 til 10 ára. Orkustofnun fallist ekki á að Faxaflóahafnir varpi dýpkunarefni á umrædd svæði enda takmarki það möguleika Björgunar til lögmætrar nýtingar efnis.

Í svörum Faxaflóahafna við umsögn Orkustofnunar kemur fram að Faxaflóahafnir muni sækja um leyfi Orkustofnunar fyrir dýpkun utan netlaga og muni Orkustofnun geta bundið leyfið þeim skilyrðum að efnið verði ekki losað innan skilgreinds efnistökusvæðis þar sem efnistöku er ekki lokið. Gert er ráð fyrir að afmörkun efnistökusvæðis Björgunar við Engey muni breytast í kjölfar þeirrar umsóknar sem nú liggur inn hjá Orkustofnun og að losun efnis vegna dýpkunar við Sundabakka, sem nú er til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun, verði eingöngu losað utan skilgreinds efnistökusvæðis samkvæmt nógildandi leyfi Björgunar. Ekki verður því losað á svæði sem skarast á við nógildandi efnistökusvæði fyrr en afmörkun efnistökusvæðisins hefur verið breytt.



Mynd 1. Afstöðumynd sem sýnir núverandi efnislosunarsvæði Faxaflóahafna við Engey með stækkun til norðurs og fyrirhugaðar breytingar á námusvæði Björgunar.



Fram kemur að gert sé ráð fyrir að hefja framkvæmdir sumarið 2020 en markmið framkvæmdanna er að tryggja nægilegt dýpi utan við Sundabakka og ytri hluta Kleppsbakka til að hægt sé að sigla að og snúa stórum flutningaskipum.



Mynd 2. Dýpkunar- og efnislosunarsvæði

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Verkís og umsögnum umsagnaraðila.

Efnamengun

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að botn á fyrirhuguðu dýpkunarsvæði sé að mestu leyti myndaður úr setlögum. Áður hefur verið dýpkað á stærstum hluta svæðisins og hefur botni því þegar verið raskað. Árið 2016 voru tekin sýni úr botni á svæðinu og styrkur mengunarefna greindur í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti. Teknir voru borkjarnar og efni greint af mismunandi dýpi. Samkvæmt niðurstöðum greininga á þungmálmum og PCB-efnum úr efsta hluta setlaganna innan fyrirhugaðs dýpkunarsvæðis eru efnin á fyrirhuguðu dýpkunarsvæði í flokkum I-III en efni í þeim flokkum má almennt séð varpa í hafið samkvæmt leiðbeinandi reglum um dýpkunarefni sem Umhverfisstofnun hefur gefið út. Ljóst er að efnið sem losað verður er lítið mengað og ekki þörf á að meðhöndla það sérstaklega áður en því er varpað í hafið.



Mynd 3. Sýnatökustaðir í Sundahöfn frá árinu 2016, bláir punktar eru sýnatökustaðir innan og við fyrirhugað dýpkunarsvæði sem sýnt er með gulum lit

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin leggist gegn því að dýpkunarefni sem innihaldi of háan styrk mengunarefna verði losað í hafið. Í skýrslu Verkís um mælingar á mengun í seti, sem er fylgiskjal með tilkynningu, er tekið fram að gera þurfi sérstakar ráðstafanir vegna mengaða efnisins. Hins vegar kemur fram í tilkynningunni að varpa eigi öllu efni í hafið og af því verði ekki umtalsverð umhverfisáhrif. Þessari ályktun framkvæmdaraðila er Hafrannsóknastofnun




ekki sammála. Vel er þekkt að slík efni (t.d. PCB, TBT og þungmálmar) hafa mjög neikvæð áhrif á lífverur í hafinu og afræningja þeirra. Líklegt er að upprót dýpkunarefnis og varp þess á nýjan stað í hafinu losi eitrefni í vatnsbolinn með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lífríkið.

Í svörum Faxaflóahafna kemur fram að í þeirri framkvæmd sem er til umfjöllunar í tilkynningu verði ekki dýpkað á svæði þar sem botnefni er mengað, þ.e. fyrirhugað dýpkunarsvæði er að öllu leyti fyrir utan það svæði þar sem styrkur mengunarefna mældist í flokki IV (varúð) eða flokki V (hætta) skv. viðmiðunargildum í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um meðferð dýpkunarefna.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að fyrirhugað dýpkunarsvæði sé nálægt ósum Elliðaáa og hætta kunni að vera á neikvæðum áhrifum dýpkunarframkvæmda á lífríki ána, sérstaklega fiskistofna. Niðurstöður rannsókna sýna að á sumum dýpkunarsvæðum eru mengunarefni s.s. PCB í flokki III – V, frá öryggisflokki yfir í hættuflokk. Einnig eru hækkuð gildi tríbútyltins (TBT) á nokkrum stöðum en aðeins þarf lítið magn þess efnis til að valda eitrunaráhrifum hjá lífverum. Því liggur fyrir að mengun er til staðar á dýpkunarsvæði og við dýpkunarframkvæmdir er hætta á að mengað botnset berist út í nærumhverfið og geti haft áhrif á lífríkið.

Í svörum Faxaflóahafna kemur fram að fyrirhugað dýpkunarsvæði sé við nýjan Sundabakka og vestan við hann. Það svæði er því ekki í mikilli nálægð við ósa Elliðaáa og ætti ekki að hafa áhrif á lífríki ána og mun síður en framkvæmdir á svæðum eins og við Elliðaárvog, Ártúnshöfða og Snarfarahöfn.

Fram kemur að Faxaflóahafnir muni sjá til þess að farið verði að leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um dýpkun og varp í hafið þar sem möguleiki er á að mengun sé til staðar. Það þýðir að þegar komið er á dýpkunarsvæði B sem sýnt er á mynd 2 hér að framan verða tekin sýni og send til rannsóknar til að athuga hvort um hækkaðan styrk mengandi efna sé að ræða. Ef styrkur mengandi efna reynist falla í flokka IV-V verður ekki dýpkað á þeim stað.



Mynd 3. Dýpkunarsvæði B verður rannsakað áður en farið verður í dýpkun þar

Straumar

Fram kemur að áhrif á strauma vegna dýpkunar og fyrirhugaðrar landgerðar á svæðinu hafi verið skoðuð í tengslum við mat á umhverfisáhrifum árið 2000 og hafi áhrif á strauma verið metin lítil.

Botndýralíf

Fram kemur að almennt sé botndýralíf á Sundunum í Reykjavík fábreytt og einkennist einkum af fjölda tegunda burstaorma. Þær tegundir botndýra sem fundust, eiga það sameiginlegt að vera algengar hér við land og niðurstaða rannsókna er að verndargildi sé lágt. Þar sem ætlunin er að losa dýpkunarefni úr Sundahöfn, í svokallaðri Engeyjarnámu, er 10-23 m dýpi og botninn gerður úr



möl með litlu hlutfalli af grófum sandi. Samkvæmt rannsókn á botndýralífi er fjölbreytni lífríkisins lítil, tegundirnar sem fundust eru útbreiddar allt í kringum landið og verndargildi þeirra talið lítið. Malarhjallarnir eru líklega ekki mikilvægir nytjastofnum sem ætisslóð eða hrygningarstaðir.

Laxfiskar

Fram kemur að árin 2001 og 2002 hafi farið fram rannsóknir á farleiðum og gönguafferli laxfiska á ósasvæði Elliðaánna og 2017 hafi farleiðir gönguseiða laxa á ósasvæðinu verið rannsakaðar. Rannsóknir hafa sýnt að ósasvæðið er mikilvægt fyrir laxaseiðin. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna 2019-2023 frá janúar 2019 kom fram að ekki væri hægt að útiloka að dýpkunarframkvæmdir við Vogabakka gætu haft áhrif á göngu laxa í og úr Elliðaám þó líkur á því væru ekki taldar miklar.

Íbúar í nágrenni

Fram kemur að talið sé að framkvæmdir við sprengingar í tengslum við dýpkun ættu ekki að valda óþægindum fyrir næstu íbúa. Lágmarksfjarlægð framkvæmdasvæðisins frá íbúðarbyggð er um 1 km í stað 1,2 km í eldra mati. Engar kvartanir hafa borist vegna dýpkunarframkvæmda við Sundahöfn frá því að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna lauk árið 2000.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi vegna dýpkunar innan netlaga. Þá er framkvæmdin háð leyfi Orkuskiptunar til dýpkunar utan netlaga sbr. lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Einnig leyfi Umhverfisstofnunar vegna varps í hafið í samræmi við lög um varnir gegn mengun hafs og stranda.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða dýpkun á hafnarsvæði Faxaflóahafna á Viðeyjarsundi, utan Vatnagarða og nýs Sundabakka en um er að ræða 4. áfanga dýpkunarframkvæmda sem til umfjöllunar var í mati á umhverfisáhrifum árið 2000 og fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunar frá 19. apríl þess árs. Breytingar voru gerðar á afmörkun dýpkunarsvæðis og önnur áform eru um losun efnisins en gert var ráð fyrir árið 2000. Gert er ráð fyrir að dýpka niður á tæplega 11 m dýpi og að efnismagn verði um 300.000 m³ sem losað verður í aflagða efnisnámu á hafsbotni suðaustur af Engey en þar hefur verið losað efni síðan árið 2005. Eingöngu verður dýpkað á svæðum þar sem styrkur mengunarefna fellur í flokka I-III, sbr. leiðbeinandi reglur Umhverfisstofnunar um losun dýpkunarefnis. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingu náttúruauðlinda, mengunar og ónæðis, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Jafnframt ber að taka mið af staðsetningu framkvæmdar með hliðsjón af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, meðal annars með tilliti til álagsþols náttúrunnar, sbr. 2. tl. 2. viðauka sömu laga. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa og til þess hverjar líkur eru á áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laganna.

Umfang fyrirhugaðar framkvæmdar er töluvert en magn dýpkunarefnis er áætlað um 300.000 m³. Fyrirhuguð dýpkunarsvæði eru á svæðum innan hafna og verður efni losað í gamla námu sem talin er rúma talsvert meira efni en fyrirhugað er að losa. Rask vegna framkvæmda verður bundið við svæði sem þegar hefur verið raskað. Skipulagsstofnun bendir á að Faxaflóahöfnum er ekki heimilt



að varpa dýpkunarefni í hafið innan svæðis við Engey þar sem Orkusstofnun hefur veitt Björgun ehf. leyfi til efnistöku til allt að 10 ára frá og með júní sl.

Að mati Skipulagsstofnunar felast hugsanleg umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda fyrst og fremst í hættu á að menguðu seti verði dælt upp og varpað í hafið. Framkvæmdaraðili hefur lagt fram upplýsingar um áformaða tilhögun framkvæmda. Fyrir liggur að mengun setlaga á Sundahafnasvæði hefur verið rannsökuð og að eingöngu er fyrirhugað að dýpka á svæðum þar sem styrkur mengunarefna fellur í flokka I-III sbr. leiðbeinandi reglur Umhverfisstofnunar um losun dýpkunarefnis en samkvæmt reglunum er losun dýpkunarefnis sem greinst hefur í flokki IV takmörkunum háð og þar sem efni hefur greinst í flokki V er losun óheimil nema með sérstakri undanþágu. Ekki er talið líklegt að varp dýpkunarefnis í hafið muni hafa neikvæð áhrif á vistkerfi sjávar. Eðlilegt er að í leyfi Umhverfisstofnunar til varps í hafið séu ákvæði um leyfilegan styrk í dýpkunarefni sem varpa á í hafið. Fyrir liggur jafnframt samkvæmt rannsókn á botndýralífi í Kollafirði á svæði losunar dýpkunarefnisins að fjölbreytni lífríkisins er lítil og tegundirnar sem fundust eru útbreiddar allt í kringum landið og verndargildi þeirra talið lítið.

Ekki er útilokað að dýpkunarframkvæmdir við Sundabakka geti haft áhrif á göngu laxa í og úr Elliðaáám. Líkur á því eru þó ekki miklar þar sem fjarlægð að ósum Elliðaáa er talsverð og fyrir liggur að framkvæmdir verða ekki á göngutíma seiða.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. september 2020.

Reykjavík, 29. júlí 2020

Ólafur Árnason

Jakob Gunnarsson